



# ÁRSSKÝRSLA

## VÍSINDASJÓÐS

Félags framhaldsskólakennara  
og Félags stjórnenda í framhaldsskólum  
2016

„Vísindin efla alla dáð...“

Jónas Hallgrímsson

Þann 7. nóvember 2016 var boðað til aukaaðalfundar Félags framhaldsskólakennara (FF) í Borgarholtsskóla þar sem kosin var ný stjórn Vísindasjóðs FF og FS (Vís). Þar með var bundinn endir á áralangar deilur stjórnar Vís og FF með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmenn. Nýja sjóðsstjórn skipa Ólafur Þórisson (MS) formaður, Lilja S. Ólafsdóttir (MB) ritari, Jón Ragnar Ragnarsson (MH) meðstjórnandi. Varamenn eru Gísli Þór Sigurþórsson (MS) og Dröfn Viðarsdóttir (FVA). Starfsmaður sjóðsins í 50% starfi er Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Ný stjórn fundaði tvisvar á árinu 2016, þann 8. nóvember og 20. desember (fundargerðir stjórnar Vísindasjóðs má finna hér: <http://ki.is/um-ki/annad/fundargerdir>). Ákveðið var að stefna nýrrar stjórnar skyldi vera að leggja gömul mál til hliðar og horfa til framtíðar. Úthlutanir yrðu með venjubundnum hætti þannig að risk af flutningum á bókhaldskerfi og bankareikningum sjóðsins bitnaði ekki á félagsmönnum. Úthlutun úr A-deild stóð sem hæst um þessar mundir og var henni hraðað eins og hægt var. Þá var ákveðið að ljúka hinu gamla deilumáli formlega og leggja fram sáttatillögu, sem nú er til umræðu í stjórn KÍ. Einnig var ákveðið að gera þjónustusamning við KÍ um afnot af húsnæði, tölvum, bókara og gjaldkera o.þ.h. Jafnframt var hafist handa við að fá gögn sjóðsins afhent úr aðsetri fyrri stjórnar á Bitruhálsi í Reykjavík eins fljótt og auðið væri og sagðist formaður skila af sér í byrjun desember. Það dróst þó og loks fóru Ólafur og Jón á fund fyrirverandi formanns þann 16. des og fengu afhent pappírsgögn sem fylgdu umsóknum sjóðfélaga nokkur ár aftur í tímann. Önnur bókhaldsgögn, s.s. laun stjórnar og staðgreiðsla skatta, lögfræðikostnaður, bílastyrkur, húsaleiga og ýmsir aðrir reikningar hafa enn ekki verið afhent þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Eftirfarandi hefur verið bókað í fundargerðir sjóðsstjórnar frá nóvember 2016 til mars 2017 um gagnaskil fyrri sjóðsstjórnar:

#### **8. nóvember 2016:**

„Farið yfir stöðuna. Vísindasjóður er eftir áralanga bið kominn í KÍ hús, bókhald og bankareikningur verða færð þangað að loknum aukaaðalfundi þar sem nýir fulltrúar FF voru kosnir.“

#### **20. desember 2016:**

„3. Gagnaskil. Vantar tölvur (fartölva og borðtölva) ásamt bókhaldsgögnum. Vantar skilagreinar fyrir október og nóvember. Ekki hægt að stemma af bókhald fyrir en gögnin eru komin. JRR hefur samband við Þóreyju og Erlu Elínu vegna málsins.“

5. Önnur mál • Umræða um ógreidda reikninga frá fyrra tímabili (tíð fyrri stjórnar).“

#### **18. janúar 2017:**

„4. GAGNASKIL. Vantar skilagreinar vegna iðgjalda, kvittanir og hreyfingar af bankareikningi. JRR hefur aftur samband við Erlu Elínu vegna málsins.“

#### **1. febrúar 2017:**

„7. UPPGJÖR BÓKHALDS 2016 - GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. JRR hafði samband við Erlu Elínu - það sem uppið vantar kemur í lok vikunnar.“

#### **15. febrúar 2017:**

„4. UPPGJÖR BÓKHALDS 2016 - GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. Stjórn Vísindasjóðs sendir formlegt bréf (ábyrgð) til Erlu Elínar Hansdóttur þar sem óskað er eftir lokaskilum á gögnum.“

#### **15. mars 2017:**

„4. ENDURSKOÐUN BÓKHALDS 2016. GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR BOÐIN Á FUNDINN. Upplýst var að bókhaldsgögn fyrir 2016 (önnur en þau sem fylgja styrkumsóknum) hafi ekki enn borist. Rætt var um mögulegar aðgerðir. Ákveðið var að fela lögfræðingi KÍ að innheimta bókhaldsgögnin sem vantar, með öllum tiltækum ráðum.“

Þar af leiðir að ekki hefur verið unnt að endurskoða bókhald 2016 eða stemma reikninga af þar sem bókhaldsgögn eru enn í vörslu fyrri stjórnar/formanns. Síðasta úrræðið sem nú hefur verið gripið til er að fá dómsúrskurð til að sækja þau (með kostnaði fyrir fyrrverandi formann) en stjórnin hefur falið Gísla Hall, lögfræðingi, málið. Þangað til eru ársreikningar óendurskoðaðir.

Þótt ekki sé hægt að loka ársreikningnum eins og staðan er núna, má rekja upplýsingar og setja fram tölfræði úr DK-bókhaldskerfinu um úthlutun 2016:

<b>Styrkur</b>	<b>Fjöldi afgreiddra umsókna</b>	<b>Samtals úthlutað kr.</b>
A 84,000 kr 100% starf	930	93,068,637
B Skólaheimsóknir	253 (9 skólar) <sup>1</sup>	24,044,259
B Einstaklingsstyrkur	285	35,358,801
B ECTS einingar	83	8,494,875
B Námsorlof	41	11,274,951
<b>SAMTALS</b>	<b>2096</b>	<b>172,241,523</b>

Skv. saldólisti 24.04.2017, sjá bls 6

Umsóknum í Vís. fer fjölgandi, fjöldi afgreiddra umsókna 2016 er 2096, árið 2015 voru um 1850 styrkir veittir og rétt rúmlega 1800 árið 2014 (skv. skýrslu stjórnar frá 8. apríl 2016, <http://visindasjodur.is/skjologskyrslur/>). Tekjur sjóðsins fara líka vaxandi, árið 2015 voru tekjurnar 175,6 milljónir króna, tekjur 2016 voru 188,4 milljónir. Árið 2016 ákvað fyrri stjórn að hækka A-deildar styrk úr 60.000 (hafði verið óbreytt frá 2009) í 84.000 þar sem meðaldagvinnulaun sjóðfélaga höfðu hækkað töluvert í kjölfar vinnuáttar skv. kjarasamningi. Upphæðir B-deildar styrkja eru óbreyttar enda þótti skynsamlegt að sjá hvaða áhrif hækkan í A-deild hefði í för með sér.

Skv. drögum að óárituðum ársreikningi 2015 á heimasíðu fyrri stjórnar Vísindasjóðs ([http://visindasjodur.is/wp-content/uploads/bsk-pdf-manager/ArsreiknVisindasjodur-2015-Draft\\_94.pdf](http://visindasjodur.is/wp-content/uploads/bsk-pdf-manager/ArsreiknVisindasjodur-2015-Draft_94.pdf)) var úthlutun 2014 og 2015 sem hér segir:

		2015	2014
		'000	'000
<b>Framlög og styrkir félagsmanna:</b>			
Framlög sjóðfélaga á árinu .....	8	175.611	142.254
Framlög án skilagreina (berast í gegnum KÍ) .....		1.361	2.159
Veittir styrkir til sjóðfélaga á árinu .....	4	(128.954)	(129.279)

<sup>1</sup> BHS, FG, FLB, FMOS, FSS, ML, MÍ, VÍ, VMA

Hér má sjá yfirlit um úthlutun styrkja í milljónum, 2014, 2015 og 2016:

Úthlutun styrkja	2014	2015	2016
A styrkur	73,9	71,3	93
B Skólaheimsókn	12,8	33,5	24
B Einstakl.styrkur	28,8	9,9	35,3
B ECTS einingar	6,1	5,8	8,5
B Námsorlof	7,6	8,5	11,2
<b>SAMTALS</b>	<b>128,9</b>	<b>129,2</b>	<b>172,2</b>

Stuðst er við skýrslu stjórnar VÍS, dags. 8. apríl 2016

Úthlutunar- og verklagsreglur sjóðsins eru óbreyttar en til stendur að endurskoða þær í samvinnu við stjórnir FF og FS á vordögum 2017, hugsanlega til einföldunar og til að færa gagnaskil nær rafrænu bókhaldi. Ekki hefur verið fallist á í stjórninni að hækka styrkuppþæðir eða breyta úthlutunarreglum að svo komnu máli. Komið hefur til tals að endurskoða kröfu um skil á brottfararspjöldum sem veldur stundum titringi meðal umsækjenda, þótt í raun sé lítið mál að halda þeim til haga (pappír eða rafrænum) eða fá staðfestingu frá flugfélagi um að ferðin hafi verið farin. Tilgangurinn er að veita aðhald og koma í veg fyrir að verið sé að styrkja ferðir sem ekki eru farnar. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra er ekki gerð krafa um framvísun brottfararspjalda þegar kostnaður vegna ferðar er talinn fram á skattframtali á móti styrk.

Borið hefur á því að umsækjendur sendi ekki gilda reikninga og verði ópolinmóðir þegar þeirra er krafist. Hvorki voucher né invoice fyrir flugi eða gistingu duga í bókhaldi, sjóðurinn þarf að hafa reikning (receipt) á nafni umsækjanda sem sýnir hver greiðir til að hægt sé að úthluta styrk til viðkomandi einstaklings.

Unnið verður að uppfærslu og lagfæringum á Mínum síðum núna í vor og mun Vís. taka þátt í því þeirri vinnu og laga þær betur að sinni starfsemi. Öll skjöl með umsóknum til Vís. á Mínum síðum vistast þar, pappírsgögn sem berast eru skönnuð og gögn sem berast í tölvupósti eru tengd við umsókn í bókhaldskerfi/gagnagrunni sem kallast DK. Starfsmaður sjóðsins, fer yfir umsóknir og úthlutar samkvæmt reglum en gjaldkeri KÍ greiðir styrkina út. Svonefnt DK er notað til að taka á móti og afgreiða umsóknir, færa inn skilagreinar frá launagreiðendum o.fl., og er algerlega aðskilið frá DK-kerfi KÍ og einungis starfsmaður sjóðsins og gjaldkeri KÍ hafa aðgang að þeim gögnum. Það er skýr stefna sjóðsstjórnar að Vís. sé sjálfstæð eining sem starfar innan veggja KÍ.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hver kostnaður er að því að hýsa starfsemi og skrifstofu sjóðsins á Laufásvegi 81. Kostnaður við sjóðinn á Bitruhálsi 2015 var tæpar 12 milljónir með rekstri skrifstofu, launum, akstri, endurskoðun og lögfræðikostnaði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað fyrir 2016 nema að launakostnaður stjórnar frá 1. janúar til 7. nóvember 2016 var 4,735,037 kr, sbr. saldólista á bls 6. Fyrri stjórn hækkaði laun sín 1. september 2015 í 4,000 kr á tímann til samræmis við taxa BHM, stjórnarformaður vann sjálfur á skrifstofunni frá því í ágúst 2015 og var akstur greiddur til allra stjórnarmanna. Ný

sjóðsstjórn þiggur laun skv. nefndataxta KÍ, þe. 2,794 kr á tímann (3,710 kr eftir kl 17) og stjórnarmenn af landsbyggðinni fá akstur greiddan. Verið er að skoða þjónustusamning við KÍ um aðstöðu og rekstrarliði.

Starfsemi sjóðsins í KÍ-húsi hefur gengið vel. Aðstaðan þar er til fyrirmyndar, svarað er í síma alla virka daga milli kl 8-16 og öllum erindum svarað fljótt og vel. Sjóðsstjórn fundar einu sinni í mánuði og hægt er að beina erindum til hennar í netfangið [visffogfs@ki.is](mailto:visffogfs@ki.is).

Það er von nýrrar sjóðsstjórnar að Vísindasjóður FF og FS fái að vaxa og dafna í friði og sátt til framtíðar.

Reykjavík, 12. apríl 2017

Ólafur Þórisson

Formaður stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

Blykill	Heiti bókhaldslykils	Saldó í byrjun	Hreyfingar	Debet	Kredit	Saldó í lokin
Listinn gildir fyrir tímabilið 01.01.2016 til 31.12.2016						
Valið var að prenta fyrir bókhaldslykla: Alla bókhaldslykla						
1000	Framiög í vísindasj. 1.72%	0	190.199.597-	64.438	190.264.035	190.199.597-
2100	Laun	0	4.735.037	4.735.037	0	4.735.037
2120	Tryggingagjald	0	458.461	458.461	0	458.461
2122	Lífeyrissjóðsframlag 8%	0	378.804	378.804	0	378.804
2123	Endurhæfingarsjóður	0	4.734	4.734	0	4.734
2150	Ökutækjastyrkur	0	1.297.344	1.297.344	0	1.297.344
2310	Símakostnaður	0	19.722	19.722	0	19.722
2420	Þjónustugjöld	0	51.997	51.997	0	51.997
4110	Einstaklingsstyrkir B-Deild	0	35.358.801	35.358.801	0	35.358.801
4202	Styrkur - Ein. bætt nám ECTS - B-Deild	0	8.494.875	8.494.875	0	8.494.875
4203	Námsortof B-Deild	0	11.274.951	11.274.951	0	11.274.951
4205	Skólaheim/kynnisf - B-Deild	0	24.044.259	24.044.259	0	24.044.259
4206	Styrkir - A-deild	0	93.068.637	93.068.637	0	93.068.637
7621	Útistandandi félagsgjöld	14.392.095	14.069.080	362.505.558	348.436.478	28.461.175
7645	Kennarasamband Íslands	8.111.193-	0	0	0	8.111.193-
7660	Víðskiptamenn, ýmsir	3.360-	0	0	0	3.360-
7814	0516-4-520023	181.499.181	11.195.370	176.130.517	164.935.147	192.694.551
7820	Íslandsbanki 0516-26-8900	0	7.378.095-	0	7.378.095	7.378.095-
8400	Órástafað eigið fé 01.01.	186.496.869-	0	0	0	186.496.869-
9320	Lánarrotttnar	160.580-	0	0	0	160.580-
9350	Ógreiddir ýmsir reikningar	1.100.000-	0	0	0	1.100.000-
9410	Ógreidd laun	0	3.826.794-	0	3.826.794	3.826.794-
9412	Ógreiddur lífeyrissjóður	19.274-	572.939-	0	572.939	592.213-
9430	Ógreidd staðgreiðsla	0	2.016.186-	0	2.016.186	2.016.186-
9620	Ógreitt tryggingagjald	0	458.461-	0	458.461	458.461-
<b>Samtals:</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>717.888.135</b>	<b>717.888.135</b>	<b>0</b>

Rekstrarreikningur:	Samtals debet:	179.187.622
	Samtals kredit:	<u>190.199.597</u>
	Mismunur:	11.011.975-
Efnahagsreikningur:	Samtals debet:	221.155.726
	Samtals kredit:	<u>210.143.751</u>
	Mismunur:	11.011.975